# Laugarnes
## deiliskipulag




# Reykjavíkurborg

YFIRLITSMYND

STAÐSETNING:




## Lóðaskilmálar

1. Ekki er leyfilegt að afmarka lóðir svo sem með girðingum, jarðvegsmönum, limgerði né loka gönguleiðum með strandlengju

2. Haft skal samráð við Borgarskipulag og Árbæjarsafn varðandi skipulag og frágang lóða, lit húsa og framkvæmdir á lóð og leggja fyrir umhverfis- og heilbrigðisnefnd til umsagnar

## Byggingarskilmálar

**a**

Á byggingareit fyrir listaverkageymslu Listasafns Sigurjóns Ólafssonar er gert ráð fyrir byggingu á einni hæð. Gólfflötur skal vera 1.5 metra fyrir neðan núverandi landhæð (7 m.y.s.) og mænishæð ekki hærri en 5 metrum fyrir ofan gólflöt. Hámarks gólflatarmál byggingar skal ekki vera meira en 200 m2. Þakahalli er frjáls. Vegghæð austurhliðar skal ekki vera hærri en 3 metrar frá gólfleti byggingar. Byggingin skal falla að umhverfinu eins og kostur er.




**b**

1. Á byggingareit fyrir Laugarnestanga 65 er ekki gert ráð fyrir öðrum byggingum eða stækkun á núverandi byggingu annarri en þeirri að heimilt er að reisa bryggjuskála ofaná núverandi bryggjuverönd sem tengja saman hús og bryggju. Bryggjuskálarnir skulu vera á einni hæð og þakhæð ekki hærri en 3 metrum ofan við núverandi bryggjugólf.

2. Á byggingareit fyrir bryggju er heimilt að hafa opna timburverönd en ekki aðrar byggingar.




**c**

Á byggingareit fyrir Laugarnestanga nr. 60 er gert ráð fyrir að núverandi hús standi en reisa má viðbyggingu á einni hæð ásamt bifreiðageymslu og verönd. Heildar-byggingamagn má vera allt að 230 m2. Nýtingarhlutfall á lóð er: N:0.3. Stærð byggingareits er 334 m2. Í húsinu verði ein íbúð. · Viðbygging ásamt bifreiðageymslu skal reist innan byggingarreits (sjá uppdrátt). · Að austanverðu er gert ráð fyrir tveimur bílastæðum. Gólfkóti aðalhæðar verði sá sami og á núverandi húsi. Vegghæð með porti verði ekki hærri en 322cm. Þakform á viðbyggingu skal vera mænisþak án valma og stefna mænis skal vera sú sama og á eldra húsi sem eftir stendur. Þakhalli viðbyggingar og bifreiðageymslu verði samræmdur núverandi húsi og verði 30-35 gráður. Hæsti punktur þaks verði ekki hærri en 584cm yfir gólfkóta aðalgólfs. Þakkantar skulu vera sem fyrirferðaminstir og ekki skaga meira út en 45cm út fyrir útvegg byggingar. Kvistir verði samskonar og á húsi nr. 65 við Laugarnestanga, til að einfalda ásýnd svæðisins. Efnisval skal vera í samræmi við önnur hús á svæðinu. Við val á litum skal velja jarðliti og/eða hvítt. Við hönnun húss, skal taka tillit til nærliggjandi húsa og byggingin skal fara vel í umhverfinu.




**d**

Á byggingareit Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og Laugarnestanga nr. 62 er ekki gert ráð fyrir öðrum byggingum eða stækkun á núverandi byggingum.

## Skýringar

- Mörk skipulagssvæðis
- Gangstígur 3 m
- Gönguslóði
- Fláar
- Hirt graslendi
- Óslegið graslendi
- Hverfisverndað svæði
- Fornminjar + 20m helgunarsvæði
- Byggingar sem verða fjarlægðar
- Nýjar hæðarlínur
- Fráveita í jörð
- Hitaveita í jörð
- Rafmagnsveita í jörð
- Sími í jörð
- Vatnsveita í jörð
- Holt / mói
- Votlendi
- Runnagróður
- Tún
- Sjór
- Klettabelti
- Útsýnisskífa
- Upplýsingar og fræðsluskilti
- Áningarstaður m. borð og bekk
- Byggingarreitur

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 25. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt af borgarráði Reykjavíkur

þann 12. SEPT. 1999

[signature]

Skipulag: Björn Axelsson landslagsarkitekt FÍLA

Byggingaskilmálar: Ragnhildur Ingólfsdóttir, Helga Bragadóttir

Dags.: 05.07.1999 br. 15.12.1999 br. 22.06.2000, br. 24.08.2000


BORGARSKIPULAG REYKJAVÍKUR
Borgartúni 3, 105 Reykjavík s. 632340 fax 623219